

**Nd.**

**502. Breytingartillögur**

**[63. mál]**

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, GHH, KJóh, MB, GGP).

1. Við 1. gr. Í stað „4 200 000“ komi: 4 260 000.
2. Við 1. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 905 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána eftirtöldum aðilum á árinu 1988:

  1. Rafmagnsveitum ríkisins, allt að 160 000 þús. kr. til greiðslu erlends skammtímaláns sem tekið var á árinu 1987 vegna greiðsluerfiðleika fyrirtækisins.
  2. Oddeyri hf. Akureyri, allt að 120 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskips.
  3. Nökkva hf. Blönduósi, allt að 125 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskips.
  4. Ljósavík hf. Þorlákshöfn, allt að 145 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskips.
  5. Jarlinum hf. Keflavík, allt að 175 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána sem tekin voru á smíðatíma raðsmíðaskips.
  6. Sæbergi hf. Ólafsfirði vegna hraðfrystitogarans Mánabergs, allt að 180 000 þús. kr. til greiðslu erlendra skammtímalána í tengslum við breytingar á skipinu í frystitogara.
3. Við 6. gr. Í stað „550 000“ komi: 750 000.
4. Við 18. gr. Í stað „40 000“ komi: 60 000.
5. Við 28. gr. Í stað „1 585 000“ komi: 1 540 000.
6. Við 29. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að selja ríkisvixla til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvixla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum.
7. Við 32. gr. Í stað orðsins „ríkissjóðs“ í fyrri málslíð 2. mgr. komi: Framkvæmdasjóðs.
8. Á eftir 32. gr. komi ný grein er orðist svo:

Byggðastofnun er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Byggðastofnun er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Byggðastofnunar í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánnum sem Byggðastofnun tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Byggðastofnun tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Byggðastofnun lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er henni heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánsamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánsamninga að nýju nema lagaheimild liggja fyrir.
9. Síðari málsgrein 33. gr. (er verður 34. gr.) fellur niður.